## Orðaspjall

### *Orðskýriningar*

***Að ganga tregt:*** gengur hægt.

***Atyrti:*** skamma vægt eða ávíta.

***Á laun:*** í laumi eða með leynd.

***Áhrinsorðum:*** ill spádómsorð sem koma fram. Orð sem verða að veruleika.

***Brást:*** sýna viss viðbrögð eða svara á ákveðinn hátt.

***Bylur:*** mikill vindstyrkur með snörpum hviðum og snjókomu.

***Fat:*** flík eða fatnaður. Getur líka verið grunnt ílát.

***Grynnra:*** það er stutt í botninn eða það er ekki djúpt.

***Heift:*** hatursfull reiði eða bræði.

***Kipptu:*** hreyfa eitthvað snögglega eða gera snögga handarhreyfingu. Getur líka verið að láta ekki á sig fá, koma einhverju í lag og skemma grundvöll einhvers.

***Komið illa saman:*** semur illa, eiga ekki samleið eða eru oft ósammála.

***Misvirða:*** móðgast.

***Mitti:*** grennsti hluti bols á manni.

***Nærbrækur:*** nærbuxur.

***Skapi:*** persónugerð einstaklings eins og hún kemur fram gagnvart umhverfinu.

***Skólapilti:*** strákur sem stundar nám við skóla. Skólastúlka er sömuleiðis stelpa sem stundar nám í skóla.

***Skólaþjónustur:*** Fólk sem vann við það að þjónusta nemendur í heimavistaskólum.

***Tiltæki:*** það sem maður tekur upp á að gera.

***Votar:*** blautur.

***Þjónaði:*** gegna ákveðnu þjónustuhlutverki, þjónustustarfi, markmiði eða tilgangi. Yfirleitt gengur það út á að gera eitthvað fyrir einhvern annan gegn greiðslu af einhverju tagi.

***Þungyrtar:*** að nota sterk orð.

### *Samheiti og andheiti*

| **Orð** | **Samheiti** | **Andheiti** |
|---|---|---|
| Atyrti | Álasa, snupra | Hrósa |
| Á laun | Með leynd, í laumi | Opinberlega |
| Bylur | Hryðja, hreggviðri | Stillt veður |
| Fat | Föt, flík, spjarir, klæðnaður | |
| Misvirða | Misþykkja | Líka vel, hafa velþóknun á |
| Nærbrækur | Nærbuxur, naríur, nærhald | |
| Óbæna | | bæn |
| Skapi | Geð, skapsmunir, sinnislag | |
| Skólapilti | Skólastrákur, námssveinn | |
| Tiltæki | Uppátæki | |
| Þungyrtar | Þungorður | |